

Stjórn HB Granda hf.
b.t. Kristjáns Loftssonar, stjórnarformanns
Norðurgarði 1, 101 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2017

Efni: Breytingartillaga vegna aðalfundar 5. maí 2017

Með vísan til auglýsingar stjórnar félagsins um aðalfund HB Granda hf., óskar Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi í félaginu, eftir því að eftirfarandi breytingartillaga verði tekin til umfjöllunar á aðalfundi félagsins, sem haldinn verður 5. maí 2017.

Gildi-lífeyrissjóður leggur til breytingartillögu á framlagðri tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum, sbr. 8. dagskrárliður fundarins. Tillagan er svohljóðandi:

Við fyrirleggjandi tillögu stjórnar bætist eftirfarandi texti:

„Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum.“

Tillagan hljóði því svo að lokinni breytingu (undirstrikaður texti er viðbót sem leiðir af breytingartillögu):

„Aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirleggjandi óháða kauptilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Greinargerð með tillögu:

Sams konar breytingartillaga var samþykkt á aðalfundi HB Granda hf. þann 1. apríl 2016. Tillagan byggir á því sjónarmiði að stjórn félagsins geri hverju sinni grein fyrir því í hvaða tilgangi og í hvaða umfangi félagið á í viðskiptum með eigin hlutabréf. Framlögð tillaga stjórnar gerir ráð fyrir að hámarksheimild sé veitt til stjórnar til kaupa á eigin hlutabréfum án þess að hluthöfum séu veittar upplýsingar um hvort stjórn þurfi á slíkri heimild að halda eða í hvaða tilgangi og í hvaða umfangi stjórnin hyggst stunda viðskipti með eigin bréf. Hlutabréf félagsins eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað og slíkar upplýsingar eru mikilvægar fyrir markaðsaðila. Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs byggir á því að framlagðri

tillögu stjórnar sé breytt með þeim hætti að hún sé takmörkuð við formlegar endurkaupaáætlanir eða almenn tilboð til hluthafa þar sem jafnræðis sé gætt milli hluthafa. Um er að ræða breytingartillögu er varðar þegar auglýstan dagskrárlíð aðalfundar.

Með formlegri endurkaupaáætlun er átt við viðskipti sem falla undir 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Ítarlegar reglur gilda um upplýsingaskyldu og framkvæmd við slíkar aðstæður, sem tryggja jafnræði og gegnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti.

Þá er lagt til að félaginu verði heimilt að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi (þ.e. öfugt útboð), enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Slíkt yrði að sjálfsögðu aðeins framkvæmt að því marki sem lög heimila, s.s. lög um verðbréfavíðskipti, og aðeins að því marki sem formleg endurkaupaáætlun þykir ekki duga til þess að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt, s.s. samkvæmt arðgreiðslustefnu og stefnu um fjármagnsskipan félagsins.

Hafi félagið fjármuni til ráðstöfunar til hluthafa er eðlilegt að þeim sé ráðstafað með almennum hætti þar sem hluthöfum og öðrum markaðsaðilum er fyrirfram ljóst hvernig staðið er að málum. Þetta getur til dæmis verið gert með arðgreiðslu, með endurkaupaáætlun þar sem ljóst er fyrirfram hvernig félagið stendur að endurkaupum og í hvaða umfangi, eða með almennu tilboði til hluthafa þar sem það sama liggur fyrir.

Nauðsynlegt er að heimildir stjórna til kaupa á eigin hlutum séu skýrar og afmarkaðar m.t.t. umfangs þeirra, tilgangs og verðlagningar og séu rökstuddar gagnvart hluthöfum. Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er lögð fram til að skýra betur og afmarka umboð stjórnar vegna heimilda til kaupa á eigin hlutum með jafnræði hluthafa að leiðarljósi.

Reykjavík 28. apríl 2017

Gildi-lífeyrissjóður